



## E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

VERKFUNDARGERÐ				
Verkheiti		Verkkaupi		Verknúmer
Lagning ljósleiðara í Borgarbyggð		Borgarbyggð		
Fundarefni		Fundarstaður		Nr. fundar
<b>Verkfundur</b>		Ráðhús Borgarbyggðar		#6
Fundarboðari	Fundarritari	Fundardags.	Fundartími	Dags. Fundarg.
Guðmundur Danielsson	Guðmundur Danielsson	2/10/2019	9:30	2/10/2019
Fundarmenn		Fyrirtæki		
Börkur Brynjarsson (BB)		SH- Leiðarinn ehf		
Guðmundur Danielsson (GD)		Borgarbyggð		
Sigurjón Hallvarðsson (SH)		SH-Leiðarinn ehf		
Skarphéðinn Hilbert Ingason (SI)		Heflun ehf		
Sævar Eiríksson (SE)		Borgarbyggð		
Sævar Geir Hallvarðsson (SGH)		SH-Leiðarinn ehf		
Fjarverandi		Fyrirtæki		
Gunnlaugur A Júlíusson (GJ)		Borgarbyggð		
Dreifing		Fyrirtæki		
Fundarmenn				
Dagskrá Fundar		Dagsetning næsta fundar	Tími næsta fundar	
Skv fundarboði		21/10-2019	9:30	
Staða fundargerðar				
<input type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlustrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið				

Nr.	Dagskrárliðir	Ábyrgð / ags.
1.	<b>Undirritun verkfundargerðar undangengins verkfundar</b> GD fór yfir orðalag á ábendingu frá SI til að tryggja sameiginlegan skilning. Í framhaldi var fundargerð samþykkt og undirrituð. Rætt var um ritun fundargerða og hvort að mögulegt væri að skrifa fundargerðir á verkfundum og samþykkja þær að fundi loknum. Þar til annað verður ákveðið verða fundargerðir sendar fundarmönnum til yfirlustrar og endanlega samþykktar með undirritun á næsta fundi.	
2.	<b>Útistandandi mál frá síðasta verkfundi</b> Gögn vegna undirbúnings á vinnu við húskassa í áfanga 4 hafa nú þegar verið send verktaka og eftirlitsaðila. Tengimiðjur hafa verið staðsettar í Varmalandi og Reykholti. Utan um hald á efni í höndum verktaka er óklárað. SH tilkynnti að afhendingastaður efnis væri Reykholt. Strengstærðir og tengimyndir fyrir áfanga 5 eru nú þegar í höndum verktaka.	
3.	<b>Framgangur við þá áfanga sem unnið er við</b> Plægning röra í áfanga 5 klárast í vikunni. Unnið er við jarðvinnu í Varmalandi og búist er við að henni ljúki á 4-5 dögum og þar með er jarðvinnu við áfangann lokið. Unnið er að blæstri á strengjum og tengingum. Að sögn verktaka er áætlað að áfanga 5 ljúki að fullu eftir um 3 vikur, þ.e. í viku 43. SI benti á að upp hafi komið atvik þar sem svo virðist sem að skilaboð frá ábúanda við fyrstu heimsókn hafi ekki ratað inn á teikningar auk þess að mikilvægt væri að vanda lagnaleiðaval eins og kostur er. Nefndi hann sem dæmi plægingu á heimtaug frá Hjarðarholtslandi þar sem þurft hafi að plægja yfir óþarflega marga skurði að hans mati, þvera vatnslögn of oft og svo framvegis. GD sagði að lagnaleiðaval færi í lang flestum tilfellum eftir ábendingum ábúenda. Í þeim tilfellum þar sem leiðarval	





#### E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

	<p>væri mjög frábrugðið fyrstu hugmyndum væri farið aftur með leiðréttar teikningar til viðkomandi og þær bornar undir til samþykktar. Vissulega gætu komið upp aðstæður og mannleg mistök en markmið allra sem að undirbúningi koma er að vanda lagnaleiðaval eins vel og kostur er. Eins minnti GD á að ef að verktaki yrði var við augljósa betri kosti væri sjálfsagt mál, í samráði við landeigendur og eftirlitsaðila að hnika lagnaleiðum til.</p>	
<b>4. Næstu skref og áfangar</b>	<p>Næsti áfangi er áfangi 4 auk þess sem vilji stendur til að vinna áfanga 2 og 3 samhliða. Sl ýtrekaði óánægju sína með það ferli sem áfangi 2 og 3 væru í og óskaði eftir nákvæmari skýringu á því sem unnið hefði verið innan samkomulags við Ferðarþjónustu Húsafelli (FH). GD fór yfir það að á undirbúningsstigi verksins hefði á tveimur svæðum í sveitarfélaginu komið upp aðstæður þar sem aðilar hefðu sýnt því raunverulegan áhuga á að leggja ljósleiðara á markaðslegum forsendum, þó með ólík markmið. Annað þessara svæði væri frá Reykholti að Húsafelli og nærsveitum. GD fór yfir í þau áform og hugmyndir sem fulltrúar FH höfðu uppi og kynntar voru og ræddar í sveitarstjórn. Meginmarkmið FH hafi þó frá upphafi verið það að tengja Hótelíð á Húsafelli og þá starfsemi sem þar er við ljósleiðara. Að endingu hafi aðilar náð samkomulagi um það að FH legði ljósleiðararör á milli þeirra röraleggja sem þá þegar höfðu verið lagðir samhliða lagningu á rafstrengjum RARIK og mynda þannig heilsteypta röralögn frá Reykholti að Húsafelli. SH spurðist fyrir um það hvort að aðrir verktakar kæmu að því að blása ljósleiðara og/eða tengja hann í umrædd rör og tók GD fram að svo yrði ekki.</p> <p>Farið var yfir áfanga 4 á loftmyndum og áfanginn kynntur verktökum. GD taldi að kerfismynd og tengimyndir fyrir áfangann yrðu í höndum verktaka fyrir 7. október með þeim fyrirvara að breytingar eigi sér stað við jarðvinnu við áfangann.</p>	GD GJ
<b>5. Önnur mál er varða efni fundarins</b>	<p>Sl fór yfir lagnaleiðaval og taldi að sú lagnaleið sem farin hafi verið í áfanga 5 sé í meginatriðum á skjön við þá lýsingu sem er í útboðsgögnum þar sem fram komi að lagnaleiðir séu meðfram vegum. Sagðist hann íhuga það að gera þá kröfum að plæging á slíkum leiðum, í mýri og fjarri vegum yrði gjaldfærð skv. lið í útboðsgögnum sem tekur til plægingar á ljósleiðararöri og rafstreng enda líkjast umræddar lagnaleiðir frekar leiðarvali fyrir rafstrengi.</p>	
<b>6.</b>	<p>Varðandi áfanga 2 og 3 liggur afstaða SH Leiðarans fyrir um þeirra nálgun á að ljúka þeim áföngum. Sl og GD ákváðu að funda sérstaklega um málið fimmtudaginn 3. október og leita lausna.</p>	GD Sl
<b>7.</b>	<p>Umræða átti sér stað um ósk verktaka um framvindugreiðslur í stað greiðslu við verklok hvers áfanga. GD sagði umræðuna orðan langdregna og að verktaki mætti íhuga að virða ákvarðanir verkkaupa hvað þetta atriði snertir. Fundað hafi verið sérstaklega um málið föstudaginn 27. september og þar komið fram að verktaki myndi skila inn nýrri verkáætlun þar sem sú hagkvæmni og aukni verkhraði sem framvindugreiðslu eiga að skila, að sögn verktaka, komi fram svo að hægt sé að taka afstöðu til þessarar óskar. BB benti á að þrátt fyrir að niðurstaða verkkaupa til málsins liggi fyrir væri leyfilegt að skipta um skoðun. GD tók undir það, en um leið að slíkt yrði að byggja á gögnum sem sýndu fram á að sú breyting sem um er beðið skili verkefninu auknum ávinningi. GD undirstrikaði að meginmarkmið verkefnisins væri að tengja heimili og fyrirtæki í Borgarbyggð við ljósleiðara eins hratt og kostur er. Skili breyting á greiðslufæði sannanlega auknum verkhraða verði slíkt skoðað. Gögn þess efnis þyrfu að koma fram til þess að málið verði rætt frekar. SH spurði hvenær vænta mætti svars við þessari beiðni, eftir að ný verkáætlun yrði lögð fram. GD sagðist engu geta lofað í þeim efnum. Verkefnið væri í tilteknum farvegi í samræmi við útboðsgögn þar til annað yrði ákveðið.</p>	



#### E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

8.	GD ýtrekaði að verktaði skilaði inn, í samræmi við útboðsgögn, nákvæmri birgðaskrá yfir það efni sem verkkaupi hefur útvegaði og mun útvega eins og nánar er gert grein fyrir í útboðsgögnum. SH sagði að hann og BB væru að útbúa birgðaskrá og hún yrði í höndum verkkaupa innan fárra daga. GD tók fram að mjög áriðandi væri að birgðaskrá skv. útboðsgögnum liti dagsins ljós mjög fljótt.	
9.	SE ræddi um innmælingu á þverun lagna. Farið var yfir þá kafla í útboðsgögnum sem snúa að þessu atriði og vafi tekinn af með það að mæla ber inn þveranir lagna eins og kveðið er á um í viðeigandi köflum útboðsgagna. Sl spurðist fyrir um þær þveranir á lögnum sem kæmu til vegna ábendinga landeigenda en reyndust svo ekki réttar. SE áréttaði að skv. útboðsgögnum bæri að láta sóna út og staðsetja allar lagnir sem hægt væri að sóna og/eða væru í eigu veitufélaga. Um þær lagnir sem ekki eru sónanlegar svo sem neysluvatnslagnir í plaströrum sem ekki eru í eigu veitufélaga gilti að ef grafið er eftir slíkri lögn eftir ábendingu, en ekki reyndist fótur fyrir ábendingunni, beri að mæla þá „þverun“ inn og merka sem X eða ? í gagnagrunna.	
10.	SH ræddi um afhendingu á efni og sagðist allt eins vilja fá efni sent á verkstað í stað þess að verktaka sæki efni. Einnig kom fram að nokkuð af efni væri enn hjá birgja enda hefði það ýmist ekki verið tilbúið til afgreiðslu eða ekki komist fyrir í þeim bílum sem fóru að sækja efni. Sl sagði einnig að svo virtist sem að misræmi væri í afhentu magni af rörum og því sem birgi telur sig hafa afhent. Unnið er í málinu til þess að finna út það rétta. SGH óskaði eftir því að þeir skápar sem ættu eftir að koma til verksins yrðu samsettir, en þeir skápar sem hafa borist hafa verið tvískiptir, þ.e. sökkull og skápur í tvennu lagi.	
11.	GD sagði frá fundi með Milu vegna þeirra símsstöðva sem tengdar verða kerfinu. Á þeim fundi hafi þéttbýlasti kjarni Reykholts komið til tals og ekki liggi fyrir hvort að Mila ætli sé að leggja ljósleiðara á því svæði á markaðslegum forsendum. Svára verði krafist innan fárra daga enda hefur þetta áhrif á næsta áfanga í verkinu.	
12.	GD rifjaði upp fyrirkomulag á samþykkt og yfirferð reikninga sem rætt var á fyrsta verkfundi þann 14. ágúst og mikilvægi þess að það ferli sem þar kom fram og er list í útboðsgögnum verði viðhaft.	
13.	Fleira ekki rætt.	

  
Samþykki verktaka

  
Samþykki verkkaupa